

**AUGLÝSING**

1

4. jan.

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Eskifjarðar nr. 38 20. marz 1951.

Liður C-2 í I. kafla gjaldskrárinnar hljóði svo:

Um kwst-mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl er yfir 40 kw:

Fyrstu	50	þús.	kwst.	ársnotkun	á	55	aura	hver	kwst.
Næstu	100	—	—	—	—	50	—	—	—
—	100	—	—	—	—	43	—	—	—
Umfram	250	—	—	—	—	38	—	—	—

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 4. janúar 1955.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

2

um breytingu á reglugerð nr. 48 20. apríl 1951, um breytingu á reglugerð um hafnargjöld landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 172 28. okt. 1949. 6. jan.

1. gr.

Orðið „sement“ í 1. flokki vörugjaldskrárinnar í 1. gr. reglugerðarinnar, falli niður.

2. gr.

3. flokkur vörugjaldskrár 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hraðfrystur fiskur, harðfiskur, þurr saltfiskur og sement.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1955.*

**Ólafur Thors.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*